

Miðvikudaginn 29. janúar 1997.

Nr. 38/1997.

Rannsóknarlögregla ríkisins

(Þórir Oddsson rannsóknarlögreglustjóri ríkisins)
gegn

Connie Jean Hanes og

Donald Hanes

(Ragnar Tómas Árnason hdl.)

Kærumál. Hald. Börn. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. janúar 1997, þar sem sóknaraðila er heimilað að gera leit á heimili þeirra að barninu Zenith Elaine Helton í því skyni að taka það úr umsjá þeirra. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og lagt fyrir sóknaraðila að skila barninu til varnaraðila. Þá er gerð krafa um, að skipuðum verjanda varnaraðila verði ákveðin málsvarnarlaun.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

I.

Aðalkröfu sína um vísun málsins frá Hæstarétti styður sóknaraðili þeim rökum, að barnið hafi þegar í kjölfar úrskurðar héraðsdóms verið tekið úr umsjá varnaraðila, en varnaraðilinn Connie Jean Hanes er amma barnsins. Hafi því verið komið fyrir til bráðabirgða á vegum barnaverndaryfirvalda í Kópavogi. Hinn 23. janúar sl. hafi barnið samkvæmt ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins verið afhent starfslíði bandaríska sendiráðsins í Reykjavík, og hafi móðir þess, Kelly Helton, farið af landi brott til Bandaríkjanna með barnið 24. sama mánaðar. Vísar sóknaraðili til dóma Hæstaréttar 1989, bls. 1254, og 1993, bls. 1970, til stuðnings aðalkröfu sinni um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Samkvæmt framangreindu er ljóst, að ástand, sem leiddi af hinum kærða úrskurði, er þegar um garð gengið. Verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Hæstarétti, sbr. 4. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991.

II.

Með símbréfi skipaðs verjanda varnaraðila 22. janúar 1997 var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu tilkynnt um fyrirhugaða kæru varnaraðila og þess krafist, að barnið yrði áfram í umsjá barnaverndaryfirvalda og það ekki afhent erlendum stjórnvöldum, meðan málið yrði rekið fyrir Hæstarétti. Var tekið fram, að kæruréttur varnaraðila væri að öðrum kosti marklaus og hafður að engu, ef barnið yrði afhent, á meðan kæran væri til meðferðar, enda ekki unnt að afturkalla þá ráðstöfun, færi svo, að fallist yrði á kröfur varnaraðila. Svo sem áður er getið, barst Hæstarétti síðan kæra varnaraðila 23. sama mánaðar, en athugasemdir aðila um kærumálið voru afhentar réttinum 27. sama mánaðar.

Með þeirri ákvörðun, sem áður er getið, svipti ráðuneytið varnaraðila í reynd rétti þeirra til að leggja réttarágreiningu sinn og sóknaraðila undir dóm Hæstaréttar. Ákvörðun ráðuneytisins um að ráðstafa því, sem hald var lagt á samkvæmt hinum kærða úrskurði, átti sér hvorki stoð í X. kafla laga nr. 19/1991 né annars staðar í lögum. Með henni voru höfð afskipti af máli, sem að öðrum kosti hefði verið skorið úr með dómi innan fárra daga. Til þessa verður litið við ákvörðun kærumálskostnaðar, sem verður ákveðinn svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður varnaraðila, Connie Jean Hanes og Donald Hanes, samtals 250.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. janúar 1997.

I.

Ár 1997, mánudaginn 20. janúar, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð af Skúla Magnússyni fulltrúa og kveðinn upp úrskurður þessi í máli nr. R-7/1997: Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um handtöku og leit. Í kröfu rannsóknara á dskj. nr. 1 er þess krafist, að Rannsóknarlögreglu ríkisins

verði með úrskurði heimilað að gera húsleit að Borgarholtsbraut 72, 200 Kópavogi, í því skyni að handtaka þar Donald Hanes, kt. 220550-2069, og Connie Jean Hanes, kt. 161145-2039, bandaríska ríkisborgara, og færa til skýrslutöku á skrifstofu RLR. Þá er þess enn fremur krafist, að telpa Zenith Elaine Helton, kt. 201092-3539, verði tekin af heimilinu og barnaverndarnefnd Kópavogs falin umsjá hennar í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Rannsóknari lýsir málsatvikum og rökstuðningi sínum þannig:

Með símbréfi, dagsettu 17. janúar 1997, barst landsskrifstofu Interpol á Íslandi (NCB Reykjavík) beiðni NCB Washington í Bandaríkjunum Norður-Ameríku um handtöku þeirra Donald Hanes og Connie Jean Hanes vegna ólöglegs brotnáms barnsins Zenith Elaine Helton frá Bandaríkjunum árið 1995. Beiðni þessi er sett fram að ósk bandarísku alríkislögreglunnar (FBI) í Phoenix, Arizona. Málsatvik eru í stuttu máli þau, að Kelly Helton, móður telpunnar Zenith Elaine Helton, var 24. 1. 1995 með úrskurði Superior Court í Utah-sýslu veitt óskoruð forsjá telpunnar. Er þeim Donald Hanes og Connie Jean Hanes gefið að sök að hafa með ólöglegum hætti svipt móðurina forsjá telpunnar og flutt hana til Íslands, og er þeim gefið að sök brot gegn lögum Arizona-ríkis varðandi custodial interference class 3 felony, og hefur verið gefin út handtökuskipun á hendur þeim nr. CR95-00996A FE og CR95-0096B FE 26. 10. 1995. Þá hefur enn fremur verið gefin út handtökuskipun á hendur þeim 18. 12. 1995 vegna ólöglegs flóttu til að komast undan málsókn nr. 95-5387M og 95-5388M. Í ofangreindri beiðni er greint frá því, að krafist mun verða framsals í þeim löndum, sem Bandaríkin hafa framsalssamning við, og er þar boðið, að nauðsynleg skjöl verði send frá alþjóðadeild bandaríska dómsmálaráðuneytisins eftir diplómatískum leiðum. Þá er í beiðninni lögð á það megináhersla, að barnið verði tekið og því komið fyrir í viðeigandi vistun, á meðan beðið sé eftir ákvörðun um heimsendingu þess til Bandaríkjanna. Í bréfi frá aðalstöðvum Interpol, dagsettu 11. 7. 1977, er lýst aðgerðum lögreglu á Íslandi, sem lúta að undirbúningi framsals manna frá Íslandi í samræmi við ályktun aðalfundar General Assembly 1953. Einnig ber að geta þess, að á milli Bandaríkjanna Norður-Ameríku og Íslands er í gildi samningur um framsal sakamanna nr. 130, sem gerður var í Washington 6. janúar 1902 á milli ríkisstjórnar Danmerkur og Bandaríkjanna, en samningur þessi telst líklega gild réttarheimild, þar sem hann var birtur hér á landi með auglýsingu íslenska utanríkisráðuneytisins í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7, dags. 1. september 1964, sbr. og niðurlagsákvæði 7. gr. sambandssamnings við Dani frá 30. nóvember 1918. Aðgerðir lögreglu, sem líklega verður gripið til, fara að hætti opinberra

mála nr. 19/1991 og laga nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

II.

Að virtum gögnum málsins þykir liggja fyrir rökstuddur grunur um, að Donald Hanes og Connie Jean Hanes hafi gerst brotleg við þá háttsemi, sem lýst er í 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að taka stúlkubarnið Zenith Elaine Helton úr umsjá réttra forsjáraðila. Með vísan til 1. mgr. 99. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að fallast á kröfu rannsóknara um, að heimilt sé að handtaka grunuðu og færa þau til skýrslutöku, eins og nánar segir í úrskurðarorði. Með hliðsjón af framangreindu og í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 89. gr. sömu laga þykja gögn málsins einnig renna nægilegum stöðum undir staðhæfingar rannsóknara til að verða við kröfu hans um, að leit verði heimiluð að stúlkubarninu Zenith Elaine Helton á heimili grunuðu.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þykir ekki heimilt að fela barnaverndarnefnd Kópavogs forsjá Zenith Elaine Helton. Á hinn bóginn þykir rétt með hliðsjón af meginreglu 3. mgr. 75. gr. barnalaga nr. 20/1992, að umrædd húsleit og taka fari fram að fulltrúa barnaverndarnefndar viðstöddum. Reynt skal að haga aðgerðum þannig, að sem minnst álag verði fyrir barnið.

Skúli Magnússon dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Heimilt er að handtaka Donald Hanes, kt. 220550-2069, og Connie Jean Hanes, kt. 161145-2039, og færa til skýrslutöku á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Leit má fara fram á heimili Donald Hanes og Connie Jean Hanes að Borgarholtsbraut 72 í Kópavogi í því skyni að finna Zenith Elaine Helton, kt. 201092-3539, og taka hana úr umsjá þeirra.

Leit og taka Zenith Elaine úr umsjá Donalds Hanes og Connie Hanes fari fram að viðstöddum fulltrúa barnaverndarnefndar Kópavogs. Reynt skal að haga rannsóknaraðgerðum svo, að sem minnst álag verði fyrir barnið.